

## FUNDARBOÐ

### 1889. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 20. apríl 2022 og hefst kl. 14:00

#### Dagskrá:

#### Almenn erindi

#### 1. 2107207 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 breyting, Ásland 4 og 5

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs þann 13. apríl sl.

Bæjarstjórn samþykkti þann 9. febrúar sl. að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Áslands 4 og 5 samhliða deiliskipulagi Áslands 4. Aðalskipulagsbreytingin felst m.a. í því að Ásland 4 norðan Ásvallabrautar stækkar og tengist í eitt samfellt hverfi. Svæði milli Áslands 4 og Skarðshlíðar verður skilgreint sem opið svæði OP20. Breyting verður á stígakerfi á svæðinu þar sem stígar, sem nú eru skilgreindir yfir svæðið, færast út að jöðrum svæðisins að Ásvallabrutinni og yfir á opna svæðið. Gert er ráð fyrir leiksóla í hverfinu. Áætlaður íbúðafjöldi er 580 íbúðir í fjölbýli, einbýli, rað- og parhúsum. Tillagan var auglýst 25.2.2022-12.4.2022. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Áslands 4 og 5 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### 2. 2007341 - Sléttuhlíð, deiliskipulagsbreyting

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12. apríl sl.

Lögð fram tillaga að textabreytingu í greinargerð deiliskipulagsins. Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að textabreytingu greinargerðar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### 3. 2106248 - Selhraun suður, aðalskipulagsbreyting

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12. apríl sl.

Bæjarstjórn samþykkti þann 9. febrúar sl. að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Selhrauns suðurs samhliða breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suðurs.

Breytingin nær til 3ha svæðis af heildarsvæði Selhrauns suður. Breytingin nær til lóðanna Norðurhella 13-19 og Suðurhella 12-14. Landnotkun lóðanna breytist úr AT2 í ÍB14. Athafnasvæði AT2 minnkar út 30ha í 27ha. Tillagan var auglýst tímabilið 22.2-5.4.2022. Engin athugasemd barst.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Selhrauns suður og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### 4. 1701175 - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

4. liður ur fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12. apríl sl.

Bæjarstjórn samþykkti 26.1.2022 að auglýsa deiliskipulag Selhrauns suðurs samhliða breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög. Breytingin felst í að á Norðurhelli 13-19 er heimilað að vera með 67 íbúðir í þegar byggðum húsum. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Við Suðurhelli 12-20 er gert ráð fyrir 132 íbúðum í fimm nýjum fjölbýlishúsum, 4-6 hæða. Á lóðunum er gert ráð fyrir leiksvæðum, sorp- og hjólageymslum. Bílageymslur eru undir húsum við Suðurhelli 14-18. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 5. apríl 2022. Umsögn barst frá Veitum. Skipulags- og byggingarráð þakkar ábendingu Veitna og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suður og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**5. 2112176 - Hamranes reitur 27B, deiliskipulag**

5. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12. apríl sl.

Bæjarstjórn samþykkti 12.1.2022 að auglýsa tillögu Lindabyggðar ehf. að deiliskipulagi reitar 27.B. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur fimm hæða fjölbýlishúsum með 50 íbúðum ásamt reit fyrir einnar hæðar 30 m<sup>2</sup> smáhýsi fyrir íbúa. Á jarðhæð sem snýr að Hringhamri verði heimilt að vera með verslun og þjónustu. Tillagan var auglýst 25.1.2022 - 9.1.2022. Umsögn barst frá Veitum. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir deiliskipulag Hamraness reitar 27.B með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**Fundargerð**

**6. 2203033F - Umhverfis- og framkvæmdaráð - 400**

**7. 2203034F - Fræðsluráð - 489**

**8. 2204004F - Skipulags- og byggingarráð - 756**

**9. 2204007F - Hafnarstjórn - 1619**

**10. 2204010F - Skipulags- og byggingarráð - 757**

**Áætlanir og ársreikningar**

**11. 2203695 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2021 og fyrirtækja hans**

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 12. apríl sl.

Bæjarráð vísar ársreikningi bæjarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2021 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

18.04.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri